

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

32. fundur –9. október 2000

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 9. október 2000, á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ, kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra. Gestur Pétursson boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 31. fundar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt.

2. Fundargerð 24. starfsmannafundar frá 4. október 2000.

2.1 Starfsleyfi

2.1.1 Álfaskeið 16, Hafnarfirði – leikskóli.

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Einarsdóttur f. h. Hafnarfjarðarbæjar vegna Leikskólans Álfaberg kt: 590169-7579, dags. 19. september 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Álfaskeiði 16, Hafnarfirði. Endurnýjun. Samþykkt að veita starfsleyfi.

2.1.2 Fornubúð 10 – 3, Hafnarfirði – fiskisala.

Lögð fram að nýju umsókn Gylfa Norðdahl, kt. 161052-2569, dags. 12. september 2000 þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildverslunar með fisk að Fornubúð 10 – 3, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Lögð fram að nýju vegna villu í bókun. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um innra eftirlit inni 3 mánaða.

2.1.3 Garðatorg 3, Garðabæ - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Önnu M. Jónsdóttur f. h. Hagkaups kt: 430698-3549, dags. 3. október 2000 þar sem sótt er um leyfi til reksturs stórmarkaðar án matvælavinnslu að Garðatorgi 3, Garðabæ. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.4 Grænatún 1, Kópavogi - sólbaðsstofa.

Lögð fram umsókn Valgeirs Karls Bjarnasonar f.h. Sól Gallery ehf. kt: 480200-2920, dags. 25. september 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðsstofu að Grænatúni 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

2.1.5 Helluhrauni 4, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Jóhanns Wolfram kt. 090178 4929, dags. 15. ágúst 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Helluhrauni 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna. Veitt er undanþága frá ákvæði um olíugildru til 1. nóvember 2001.

2.1.6 Hlíðarbraut 10, Hafnarfirði - leikskóli.

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Einarsdóttur f. h. Hafnarfjarðarbæjar vegna Leikskólans Kató kt: 590169-7579, dags. 19. september 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Hlíðarbraut 10, Hafnarfirði. Endurnýjun. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um innra eftirlit innan 3 mánaða.

2.1.7 Hrauntunga 7, Hafnarfirði - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Sigurðar Björgvinssonar f.h. Víðistaðaskóla kt: 671088-4179, dags. 31. ágúst 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla með móttökueldhúsi að Hrauntungu 7, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um innra eftirlit innan 3 mánaða.

2.1.8 Lundur v/Nýbýlaveg, Kópavogi – litboltavöllur.

Lögð fram umsókn Eyþórs Guðmundssonar f.h. Litbolta ehf. kt: 630600-2350, dags. 21. september 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttavallar með litboltum við Lund v/Nýbýlaveg, Kópavogi. Ný umsókn samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999.

Lagt fram afrit af starfsleyfi fyrir tilfallandi starfsemi dagana 22. 23. 24. september 2000 og umsögn til Umhverfisstofnunar dags. 25. september 2000 vegna umsóknar um undanþágu frá starfsleyfi.

Afgreiðslu frestað þar sem beðið er frekari gagna.

2.1.9 Smárabará 1, Hafnarfirði - leikskóli.

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Einarsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar vegna Leikskólans Smáralundur kt: 590169-7579, dags. 19. september 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Smárabará 1, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um innra eftirlit innan 3 mánaða.

2.1.10 Staðarberg 2-4, Hafnarfirði - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Rakelar Ársælsdóttur f.h. Hársnyrtistofunnar Flóka kt: 270773-5409, dags. 18. september 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.11 Staðarberg 6, Hafnarfirði - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Lofta Magnússonar f. h. Hafnarfjarðarbæjar vegna Setbergsskóla kt: 570190-2619, dags. 18. september 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsdagsskóla án mótuneytis að Staðarbergi 6, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

2.1.12 Strandgötu 75, Hafnarfirði - líkamsræktarstöð.

Lögð fram umsókn Sveinbjörns Sigurðssonar f.h. Sjúkraþjálfarans hf. kt: 090365-3639, dags. 21. september 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Strandgötu 75, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

2.1.13 Suðurhraun 6, Garðabæ, - Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu.

Lögð fram umsókn Leós Jónssonar, f. h. Pípugerðarinnar hf. kt. 440193 -2269, dags. 2. október s.l þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á byggingahlutum úr steinsteypu að Suðurhrauni 6, Garðabæ. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfseminu og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.2 Umsagnir.

2.2.1 Auðbrekka 25, Kópavogi – Betri stundir ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi, dags. 28. september 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hauks Ragnarssonar f.h. Betri stunda ehf. kt: 580700-3220, sem sækir um veitingaleyfi í einkasal og veislubjónustu að Auðbrekku 25, Kópavogi.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

2.2.2 Engihjalli 8, Kópavogi – Riddarinn Krydd og Kavíar

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi, dags. 5. maí 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðars Agnarssonar f.h. Krydd og kavíar ehf. kt: 670400-3010, sem sækir um veitingaleyfi fyrir veitingaverslun að Engihjalla 8, Kópavogi.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

2.2.3 Engihjalli 8, Kópavogi – Riddarinn.

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar, frá 27. september 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þórhalls Maack kt: 270950-2649, sem sækir um endurnýjun á leyfi til áfengisveitinga í veitingastaðnum Riddaranum, Engihjalla 8, Kópavogi.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

2.3 Annað

2.3.1 Þrifapróf í mótuneytum.

Lögð fram samantekt á niðurstöðum úr þrifaprófum sem gerð voru í 5 mótuneytum sumarið 2000.

2.3.2 Þrifapróf á matsölustöðum.

Lögð fram samantekt á niðurstöðum úr þrifaprófum sem gerð voru í vor hjá 11 matsölustöðum.

3. Mat á áhrifum gróðursetningar og frekari uppbyggingar skíða- og útivistarsvæðis í Bláfjöllum.

Lagt fram bréf skrifst.stj. borgarverkfræðings Reykjavíkurborgar, dags. 25. september s. l. ásamt greinargerð og tillögu starfshóps stjórnar veitustofnunar um mat á áhrifum gróðursetningar og frekari uppbyggingar skíða- og útivistarsvæðis í Bláfjöllum með tilliti til grunnvatns og virkjunar þess í Heiðmörk. Ennfremur lögð fram skýrsla Línuhönnunar dags. í ágúst 2000 um sama efni.

4. Skipulag og rekstur heilbrigðiseftirlitsins.

Farið var yfir fyrirkomulag við rekstur heilbrigðiseftirlitsins, verkaskiptingu og starfslýsingar. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir starfsmanni í stöðu heilbrigðisfulltrúa með áherslu á eftirlit með varasömum efnum.

5. Eftirlit með olíubirgðastöð.

Lagt fram bréf Umhverfisráðuneytisins dags. 13. september s. l. varðandi gildissvið reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Fram kemur að eftirlit með Olíubirgðastöðvum sé hjá Hollustuvernd ríkisins.

6. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða sem haldinn var 29. september s. l.

7. Önnur mál.

7.1 Leikskólarnir Sunnuhvoll og Bæjarból - Garðabæ.

Lagt fram bréf Jóhönnu Bjarkar Jónsdóttur, leikskólafulltrúa, þar sem óskað er eftir framlengingu á fresti er veittur var til uppsetningar innra eftirlits við rekstur mótuneytis Sunnuhvols og Bæjarbóls.

Samþykkt að veita frest til 1. desember n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigríður Ingvarsdóttir

Sigurgeir Ólafsson

Jón Bjarni Þorsteinsson